

4. gr.

Háskólaráð skipar fimm menn í stjórn stofnunarinnar til þriggja ára í senn. Tveir skulu skipaðir af háskólaráði án tilnefningar. Félagsvísindadeild, lagadeild og viðskipta- og hagfræðideild tilnefna einn stjórnarmann hver. Stjórnin ræður forstöðumann og annað starfslið. Forstöðumaður skal hafa sérmenntun á fræðisviði stofnunarinnar.

5. gr.

Forstöðumaður stofnunarinnar hefur umsjón með daglegum rekstri hennar. Jafnframt annast hann áætlanagerð og samræmir fjáröflunarleiðir. Forstöðumaður er í starfi sínu ábyrgur gagnvart stjórn. Hann situr stjórnarfundi og hefur þar tillögurétt en ekki atkvæðisrétt.

6. gr.

Stjórnin kýs úr sínum hópi formann og varaformann. Formaður boðar stjórnarfundi. Stjórnin ákveður m.a. rannsóknarstefnu stofnunarinnar, hefur eftirlit með starfsemi hennar og veitir fé til einstakra rannsóknaverkefna.

7. gr.

Tekjur stofnunarinnar eru:

- a) fjárveitingar á fjárlögum,
- b) styrkir til einstakra verkefna,
- c) greiðslur fyrir verkefni,
- d) gjafir,
- e) annað.

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi háskólans. Fjárlagatillögur stofnunarinnar skulu vera hluti af fjárlagatillögum háskólans.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett sbr. heimild í 9. gr. laga nr. 77/1979 um Háskóla Íslands, sbr. háskólaireglugerð nr. 78/1979, 66. gr., og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 4. maí 1990.

Svavar Gestsson.

Árni Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um greiðslu uppbótar á atvinnuleysisbætur.

1. gr.

Á árunum 1990 og 1991 skal Atvinnuleysistryggingasjóður greiða uppbót á atvinnuleysisbætur samkvæmt því sem segir í reglugerð þessari.

2. gr.

Uppbótin reiknast þannig að fundið er meðaltal dagpeninga á mánuði á tímabilunum 1. febrúar til 30. apríl 1990, 1. september til 30. nóvember 1990 og 1. febrúar til 30. apríl 1991. Barnadagpeningar reiknast ekki með. Sú upphæð, sem þannig fæst er dregin frá kr. 60 000 miðað við fullar bætur allan viðmiðunartímann. Viðmiðunarupphæðin lækkar í hlutfalli við

bótahlutfall og fjölda bótadaga á tímabilinu. Uppbótin verður helmingur þannig fenginnar niðurstöðu.

Uppbót greiðist aðeins þeim, sem við lok viðmiðunartímabils hafa notið bóta í 87 bótadaga eða lengur á síðustu 12 mánuðum.

3. gr.

Atvinnuleysistryggingasjóður leggur úthlutnarnefndum atvinnuleysisbóta til skrá um uppbót fyrir hvern bótadag samkvæmt reglugerð þessari.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 7, 1990 til að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. maí 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um toglyftur.

1. gr.

Skilgreiningar

- 1.1 Toglyfta er vélbúnaður sem gerður er til að draga fólk á skíðum upp brekku, með togbúnaði sem festur er við stálvír. Vírinn er samfelldur og gengur um hjól á drifstöð og endastöð. Á milli stöðvanna er vírinn borinn uppi af möstrum.
- 1.2 Lyftuvír er stálvír sem togbúnaður er festur á og dregur skíðamenn upp brekku.
- 1.3 Lyftubraut er sú braut sem skíðamenn eru dregnir upp eftir.
- 1.4 Togbúnaður er búnaður sem festur er við lyftuvírinn og dregur skíðamenn upp lyftubrautina.
- 1.5 Öryggisstuðull er tölugildi sem deilt er í brotþol t.d. stálvírs og þar með fundið leyfilegt hámarksálag á hann.

2. gr.

Gildissvið.

- 2.1 Reglugerð þessi gildir um gerð, búnað, rekstur og viðhald á toglyftum og eftirlit með þeim.

3.gr.

Rekstrarleyfi.

- 3.1 Óheimilt er að reisa eða reka toglyftu nema að fengnu leyfi Vinnueftirlits ríkisins. Umsókn skulu fylgja fullnægjandi gögn um hönnun, gerð, búnað, staðsetningu, uppsetningu og tilhögun rekstrar lyftunnar.
- 3.2 Verði breyting á hönnun eða áætlanum skal það tilkynnt Vinnueftirlitinu.

4. gr.

Almenn ákvæði.

- 4.1 Sá sem hefur með höndum rekstur toglyftu er ábyrgur fyrir því að búnaður hennar og rekstur sé í samræmi við gildandi lög og reglur. Hann skal hafa tryggingu sem bætir tjón sem hann kann að verða ábyrgur fyrir.